Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
4. nóvember 2010
44. tbl. · 27. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA
Vantar þig íbúð til leigu?
Hafðu samband!
sími: 456 6600

3 dagar í Reykjavík
Gisting & Bíll
48.000



Tveggja manna herbergi
og Toyota Yaris
Hótel Adam, Skólavörðustíg 42
adam@adam.is

Maturinn segir söguna

„Fólk er ekki að sækjast eftir iðnaðarframleiddum hamborgurum miklu frekar mat úr héraði eins og fiski í sjávarbyggðum, það vill hreina vöru. Þetta á að stíla inn á," segir Guðrún Pálsdóttir, sem framleiðir harðfisk samkvæmt aldagömlum hefðum ásamt fjölskyldu sinni. Hann var nýlega kynntur á gríðarstórri ráðstefnu undir merkjum Slow Food-samtakanna í Tórínó á Ítalíu.



Mest kemur í hlut Ísafjarðarbæjar

Tæplega 90 milljónir koma í hlut Ísafjarðarbæjar í úthlutun á aukaframlagi Jöfnunarsjóðs. Næst mest kemur í hlut Vesturbyggðar eða rúmlega 25 milljónir króna. Þá fær Tálknafjarðarhreppur rúmar 8 milljónir, Strandabyggð fær 5,7 milljónir og Bolungarvík 5,5 milljónir. Súðavíkurhreppur fær 3,6 milljónir en Reykhólahreppur, Árneshreppur Kaldrananeshreppur og Bæjarhreppur fá ekki framlag í þessari úthlutun. Aukaframlaginu er ætlað að bæta rekstrarstöðu sveitarfélaga en við ákvörðun um úthlutun framlagsins var m.a. horft til ársreikninga sveitarfélaganna árið 2009. Sérstakt aukaframlag Jöfnunarsjóðs hefur verið veitt síðan 1999 að undanskildum árunum 2002 og 2005. Aukaframlag ársins er einn milljarður króna og er framlaginu ætlað að bæta rekstrarstöðu sveitarfélaga á yfirstandandi ári.

Úthlutun framlaga skiptist í fjögur framlög. Það er framlag vegna íbúaþróunar og heildartekna þar sem varið er 400 milljónum til sveitarfélaga sem ekki hafa fylgt þróun Reykjavíkurborgar hvað varðar íbúafjölda árin 2004 -2009 og 200 milljónum varið til sveitarfélaga þar sem hlutfallsleg þróun heildartekna milli áranna 2005 og 2010 er lægri en meðaltal heildartekna allra sveitarfélaga á landsvísu fyrir sama tímabil. Einungis kemur til úthlutunar framlags hafi sveitarfélag ekki fylgt íbúaþróun Reykjavíkurborgar á sama tímabili.

Þá er einnig veitt framlag vegna lágra meðaltekna þar sem varið er 200 miljónum til sveitarfélaga þar sem meðaltekjur hafa verið minni en hjá Reykjavíkurborg árin 2004 -2009. Reikna skal út meðaltekjur ársins 2009 á íbúa í öllum þeim sveitarfélögum sem uppfylla skilyrði samkvæmt þessari grein.

Einnig er framlag vegna íþyngjandi skulda þar sem varið er 150 milljónum til þeirra sveitarfélaga þar sem útreiknað viðmið heildarskulda og skuldbindinga er hærri en sem nemur 100% af heildartekjum að frádregnum óreglulegum tekjum og rekstrarniðurstaða er neikvæð.

Og loks framlag til fjölkjarna sveitarfélaga en þar er varið 50 milljónum til sveitarfélaga, annarra en Reykjavíkurborgar, þar sem tekið er tillit til sérstakrar útgjaldaþarfar sveitarfélaga sem halda þurfa úti þjónustu á fleiri en einum þéttbýlisstað innan sveitarfélagsins. Sveitarfélög sem ekki nýta hámarksútsvar á yfirstandandi ári fá ekki aukaframlag. 75% af framlaginu koma til greiðslu nú í þessari viku. Eftirstöðvar framlagsins verða greiddar í desember þegar upplýsingar um tekjuforsendur ársins 2010 liggja fyrir og endurskoðun framlagsins hefur farið fram.

Starfsfólki Eyrarodda sagt upp

Öllu starfsfólki fiskvinnslufyrirtækisins Eyrarodda hf., á Flateyri var sagt upp störfum á föstudag. Um er að ræða 42 starfsmenn. Uppsagnirnar tóku gildi um mánaðarmótin. Ástæða uppsagnanna er fyrst og fremst viðvarandi hráefnisskortur og erfiðleikar í rekstri sem af þeim skorti leiðir, að því er segir í tilkynningu frá fyrirtækinu.

„Eyraroddi hf., óskaði eftir greiðslustöðvun í maí á þessu ári og gildir sú heimild til 21. nóvember nk. Á því tímabili hafa forsvarsmenn félagsins leitað leiða til að styrkja og tryggja rekstrargrundvöll félagsins. Þær aðgerðir hafa ekki gengið sem skyldi og er uppsögn allra starfsmanna fyrirtækisins á þessum tímapunkti óumflýjanleg," segir í tilkynningunni.

Öllu starfsfólki fiskvinnslufyrirtækisins Eyrarodda hf., á Flateyri var sagt upp störfum á föstudag.

Áfram verður unnið að úrlausn mála fyrirtækisins í samráði við kröfuhafa þess. Komi til þess að ástæður breytist til hins bestra á næstunni, verður leitað allra leiða til að draga uppsagnirnar til baka.

Tap Lífeyrissjóðs Vestfirðinga vegna gengisvarna óljóst

Lífeyrissjóður Vestfirðinga var með gengisvarnir í aðdraganda hrunsins en tap sjóðsins vegna þeirra er enn óljóst. Lífeyrissjóðirnir töpuðu miklum fjármunum á gjaldeyrisvörnum í aðdreganda hrunsins, óvissa er um endalegt tap sjóðanna í heild vegna þessara viðskipta, en samkvæmt mati Seðlabankans nemur það 73 milljörðum króna. Sjóðirnir veðjuðu á að gengið myndi styrkjast haustið 2008 og töpuðu miklu á þeirri stöðutöku þegar bankarnir féllu. „Landsbankinn sá alfarið um gengisvarnir fyrir Lífeyrissjóð Vestfirðinga, en ekki er hægt að meta tap sjóðsins vegna þeirra að svo stöddu þar sem engin niðurstaða er komin í samningum við skilanefndirnar." segir Guðrún K. Guðmannsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, en aðspurð segist hún vona að málið verði leitt til lykta sem allra fyrst.

„Maður hefur vonað eftir skjótri niðurstöðu alveg síðan bankarnir féllu. Nú eru hins vegar liðnir 24 mánuðir og því erfitt að spá um framhaldið," segir Guðrún og bætir við að Landssamtök lífeyrissjóða standi að samningsgerðinni við skilanefndir bankanna fyrir hönd Lífeyrissjóð Vestfirðinga.

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir í viðtali á Vísir.is að viðræður við skilanefndi bankanna standi enn yfir. Samtökin hafi lagt fram sáttatilboð skömmu eftir bankahrunið, en áætlað tap upp á 73 milljarða króna miði við það tilboð. skilanefndir bankanna hafi ekki tekið afstöðu til tilboðsins.

– kte@bb.is

Landsbankinn sá um gengisvarnir fyrir Lífeyrissjóð Vestfirðinga.

Nú hefur þú ástæðu til að BROSA.
Nýtt bragð frá Extra, Professional White Citrus.

WRIGLEY'S Extra

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Hefur landsbyggðin efni á Reykjavík?

Spurningin sem varpað er fram hér að ofan er sprottin úr fyrirlestri Þórodds Bjarnasonar, prófessors við hug-og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, sem hann hélt á dögunum á Ísafirði, á vegum Háskólaseturs Vestfjarða. Í erindinu, sem ber sömu yfirskrift, velti Þóroddur fyrir sér vandamálum og spurningum í umræðu um þjónustu á landsbyggðinni, hvað varðar allt frá heilbrigðismálum og samgöngumálum til menningarstarfs. Fyrirlestur Þórodds vakti töluverða athygli, enda snýr hann þar við ýmsum þeim spurningum sem sett hafa mark sitt á umræðuna á síðustu misserum.

„Umræðan hefur einkennst töluvert af þeirri kenningu að landsbyggðin sé einhvers konar baggi á samfélaginu, sem hefur þungamiðju sína í Reykjavík," bendir Þóroddur á. „Ég lenti í hverri umræðunni á fætur annarri sem byrjuðu flestar á „Höfum við í okkar fámenna landi efni á að...". Svo fylgdi á eftir allt frá „...að byggja vegi" og til „...að reka sjúkrahús á landsbyggðinni". Þessi tónn er mjög ráðandi. Það er talað um að nú höfum við ekki lengur efni á þeirri byggðastefnu sem hefur varið peningum í að halda uppi byggð á landinu," útskýrir Þóroddur.

Aldrei fleiri á landsbyggðinni en nú

Fólki verður tíðrætt um þá miklu fólksfækkun sem hefur átt sér stað á landsbyggðinni í seinni tíð. „Hugmyndin virðist vera sú að landsbyggðin sé öll að koðna niður. Það er í sjálfu sér ekki rétt," segir Þóroddur. „Hlutfallslega eru alltaf fleiri og fleiri á suðvesturhorninu, af því að fjölgunin er mest þar, en aftur á móti hafa heldur aldrei fleiri búið utan höfuðborgarsvæðisins en núna," bendir hann á.

Þá sýna tölur yfir fólksflutninga og fólksfækkun að hún sé mest þar sem samgöngur eru hvað erfiðastar. „Á Suðurlandi er töluverð fólksfækkun, ef við lítum til Hafnar, Víkur og Kirkjubæjarklausturs, til dæmis. Þar er fámenni og um miklar vegalengdir að ræða. Á norðausturhorninu hefur íbúum fækkað um 17% á síðustu tíu árum og það er um annað eins að ræða á Norðvesturssvæðinu. Hins vegar er það að sumu leyti einkennilegt að ræða um Strandirnar, Hólmavík og suður- og norðurfirði Vestfjarða sem eitt svæði. Það er jafnlangt frá Hólmavík á Ísafjörð og frá Hólmavík á Sauðárkrók, Hellissand eða Reykjavík," segir Þóroddur, sem segir þessa hugmynd hafa áhrif á margt annað, svo sem margumtalaðan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu.

„Menn virðast hugsa um þetta sem eitt svæði, að Vestfirðirnir séu bara svona eins og Vesturbærinn í Reykjavík, ekki nema sjö þúsund manns. En það eru samgöngurnar sem ákvarða stærð svæðanna, hversu langt fólk getur sótt þjónustuna sem það þarf – ekki höfðatalan," útskýrir Þóroddur.

Samgöngumál í brennidepli

Samgöngumál hafa verið mikið til umræðu upp á síðkastið og þá ekki síst hvað varðar vegaframkvæmdir og gangagerð á landsbyggðinni. Þóroddur bendir í því samhengi á frétt frá fréttastofu Ríkisútvarpsins, þar sem fjallað er um kostnað við Héðinsfjarðagöng og Bolungarvíkurgöng. Þar segir að ef litið sé til Bolungarvíkurganga megi líta svo á að kostnaður á hvern íbúa Bolungarvíkur sé um 5 milljónir. Í framhaldi segir í fréttinni, sem Þóroddur vísar í í fyrirlestri sínum, „Til að setja þessar tölur í samhengi mættu íbúar í Reykjavík krefjast framkvæmda við samgöngur fyrir um rúma 650 milljarða króna, svo dæmi sé tekið."

Það er í þessari túlkun sem hnífurinn stendur í kúnni, ef svo má að orði komast. „Það er auðvitað í fyrsta lagi kannski fullgróft hjá þeim að telja bara þá sem eru á öðrum enda ganganna, en ekki þá við hitt opið," segir Þóroddur og brosir við. „En svo má bera þetta saman við annað. Kostnaður á hvern Bolvíking er vissulega um fimm milljónir, en sé honum deilt á alla landsmenn er þarna um að ræða fimmtán þúsund krónur á mann. Kostnaður við Hörpu, í Reykjavík, er um 1,6 milljónir á mann, sé honum deilt á alla íbúa póstnúmersins 101 Reykjavík, en sjötíu og fimm þúsund á hvern landsmann."

Þóroddur varpar því fram þeirri spurningu hvort það sé eðlilegra að Bolvíkingar greiði fyrir tónlistarhús í Reykjavík, en að Reykvíkingar greiði fyrir göng í Bolungarvík. „Ef litið er á skattgreiðslur landsmanna sem sameiginlegan sjóð má reikna það út að 2,3% hans komi frá Vestfirðingum, sem eru 2,3% af þjóðinni. Þá má spyrja, hversu stórum hluta þess fjár vilja Vestfirðingar að sé varið í þjónustu á heimasvæði og hversu stórum hluta í sameiginlega þjónustu? Hvernig er eðlilegt að skipta þessu?"

Önnur hver króna til höfuðborgarinnar

Þóroddur vísar í kjölfarið í könnun á því hvernig skatttekjum ríkisins er varið, en hún var gerð af Vífli Karlssyni fyrir nokkrum árum. „Það er í raun gróf úttekt. Vífill kannar hversu stór hluti af skatttekjum ríkisins kemur frá landsbyggðinni og hversu stórum hluta þeirra er varið á landsbyggðinni. Þar kemur í ljós að önnur byggðalög en suðvesturhornið borga um 27% af öllum sköttum, en fá 15% af eyðslunni. Af hverjum tveimur krónum á landsbyggðinni fer því önnur krónan í að borga þjónustu á heimasvæði, en hin rennur til Reykjavíkur. Reykjavík stendur hins vegar fyrir 42% skatttekna ríkisins, en þar er 75% þeirra varið," útskýrir Þóroddur.

Í framhaldi af þessu má athuga hversu stórum hluta af skattfé Vestfirðinga er varið innan landshlutans, og hversu miklu er varið í aðra þjónustu. „Þetta er vissulega einfölduð leið, að reikna út hlut Vestfirðinga í skattekjum ríkisins, en hún varpar samt ljósi á hvernig skattfé þeirra er varið. Með þessum útreikningi er hlutur Vestfirðinga í sameiginlegum fjársjóði landsmanna tæpir tíu milljarðar," útskýrir Þóroddur. Hann kannar í kjölfarið hversu stórum hluta þeirrar upphæðar er varið í uppbyggingu og rekstur framhaldsskóla, háskóla og heilbrigðismála, svo eitthvað sé nefnt.

„Í umfjöllun um háskólana horfi ég reyndar bara á töluna sem menntamálaráðuneytið ver til uppbyggingar þeirra, en í háskólaumhverfinu koma vissulega styrkir annars staðar að líka. Vestfirðingar leggja þarna 555 milljónir til háskólastigsins. Af þeirri upphæð fær Háskólasetur Vestfjarða 64 milljónir, 192 renna til Lánasjóðs íslenskra námsmanna en 299 milljónum er varið í rekstur annarra háskóla. Þá væri, í umræðu dagsins í dag, spurt, „Höfum við, þessi fámenna þjóð, efni á að verja heilum 64 milljónum í uppbyggingu Háskólaseturs Vestfjarða?" En það má alveg eins spyrja, hafa Vestfirðingar efni á því að verja heilum 299 milljónum í byggingu tveggja háskóla, sitt hvorum megin við flugbraut Reykjavíkurflugvallar? Ég hef ekki svörin, en það þarf að spyrja þessara spurninga," segir Þóroddur.

Eins má skoða framlag landsbyggðarinnar til Ríkisútvarpsins, en hún greiðir einn milljarð af þeim þremur sem varið er í Ríkisútvarpið í fjárlögum. „Það má alveg spyrja hvort landsbyggðarfólki finnist þeim peningum vel varið, þó að það fái af og til fréttir af tvíhöfða lambi. Væri þessum fjármunum kannski betur varið í svæðisbundna miðla?" spyr Þóroddur, en það hefur eflaust ekki farið fram hjá mörgum að Ríkisútvarpið lagði niður svæðisstöðvar sínar á árinu. Hann fjallar sömuleiðis um framlög til menningar- og safnastarfsemi og jafnvel listamannalaun, en það eru þó heilbrigðismálin sem helst hafa brunnið á fólki á síðustu vikum

Ódýrt ekki endilega hagkvæmt

Þóroddur hefur reiknað út að framlag Vestfirðinga til heilbrigðismála á landsvísu sé 2,2 milljarðar króna. „Af þeirri upphæð rennur tæpur helmingur til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunar Patreksfjarðar, en um 1,2 milljarðar króna fara í heilbrigðismál fyrir sunnan," útskýrir Þóroddur, sem segir að í umræðu um heilbrigðismál og rekstur heilbrigðistofnana á landsbyggðinni virðist ekki gerður greinarmunur á því hvort eitthvað sé hagkvæmt eða ódýrt.

Hann segist því vilja hvetja til þess að umræðunni verði snúið við. „Ég er ekki endilega að segja að þessum 2,2 milljörðum eigi að öllum að vera varið fyrir vestan, en það þarf að ræða hvernig á að skipta þessu. Fólk þarf að átta sig á því að þetta er engin ölmusa, að þjónusta landsbyggðina – fólk er búið að greiða fyrir þessa þjónustu," segir Þóroddur.

„Það getur vel verið að það sé ódýrt fyrir ríkissjóð að kona af landsbyggðinni fari til Reykjavíkur og dveljist þar til að eignast barnið sitt, en það er augljóslega ekki hagkvæmt fyrir hana. Auðvitað viljum við byggja upp góða, öfluga þjónustu á einum stað og hafa yfir að ráða sterku sjúkrahúsi. Ég myndi til dæmis frekar vilja fara í heilauppskurð á Landsspítalanum en annars staðar á landinu. En það má hins vegar ekki gleyma nærþjónustunni. Hvað gagnast það konunni að besta fæðingardeild landsins sé á Landsspítalanum ef hún kemst ekki þangað þegar kallið kemur? Eða að hún komist, en maðurinn hennar sé fastur í skafli uppi á heiði? Ef við ætlum bara að einblína á hvað er ódýrt mætti líka alveg eins gera því skóna að það væri langbest að kaupa bara alla

heilbrigðisþjónustu frá London og flytja fólk þangað! Það geta ekki verið rök í sjálfu sér að eitthvað sé ódýrara, það er ekki það sama og hagkvæmni.“

Óábyrgar hugmyndir

Hann varpar í lok fyrirlesturs síns fram þremur möguleikum að úrlausn, eða í það minnsta kveikjum að umræðu með öðrum formerkjum en þeim sem tíðkast hafa, undir yfirskriftinni „óábyrgar hugmyndir“.

„Sú fyrsta gengur út á að Vestfirðingar þurfi að geta nýtt sér þá þjónustu sem þeir greiða fyrir. Þannig að það sé tryggt að ef 1,2 milljarði af skattfé Vestfirðinga sé varið til heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, komist þeir þangað til að geta nýtt sér hana. Þá væri til dæmis hægt að kveða á um að helmingi þeirrar upphæðar sem rennur til uppbyggingar og reksturs þjónustu fyrir sunnan sé varið til samgöngumála á Vestfjörðum. Ef alls fimm milljörðum af tíu milljarða framlagi Vestfirðinga til skattekna ríkisins væri varið fyrir sunnan kallaði það þá á samgönguframkvæmdir upp á 2,5 milljarða,“ útskýrir Þóroddur.

Önnur óábyrg hugmynd hans gengur út á að Vestfirðingar fái að ráðstafa sinni skattahlutdeild sjálfir og semji við einstök ráðuneyti um þjónustu innan og utan landssvæðisins. „Þá fengju íbúar Vestfjarða að vera með í ráðum um í hvað peningunum þeirra er eytt. Þeir gætu þá sagt, „Heyrðu, það stendur svolítið illa á hjá okkur í ár, svo við erum að hugsa um að borga aðeins minna í tónlistarhúsinu, en kaupa meira sjúkrahús“,“ segir Þóroddur kíminn.

Þriðja og síðasta óábyrga hugmynd hans gengur út á að Vestfirðir semji um að þeir fái að halda megninu af eigin skattgreiðslum næstu árin til að endurreisa landssvæðið, sem hefur orðið einna verst úti hvað fólksfækkun varðar. „Það væri hægt að segja að 90% af skattahlutdeild Vestfjarða myndi haldast innan Vestfjarða næstu 5 árin, en einn tíundi færi suður. Það jafngildir 8,5 milljörðum á ári, sem samsvarar hátt í tvö þúsund opinberum störfum. Mýtan um að ekki sé hægt að halda uppi byggð í landinu með opinberum störfum er því eiginlega afsönnuð, það liggur beint við að þetta myndi gera gríðarlega mikið fyrir Vestfirði,“ segir Þóroddur.

Þarf Reykjavík meira?

Hann setur þá sömuleiðis ákveðið spurningarmerki við að öll uppbygging skuli eiga sér stað í Reykjavík. „Jón Sigurðsson talaði á sínum tíma mikið fyrir því að landið yrði að eiga sér almennilega höfuðborg, hún skipti miklu máli. Uppbyggingin á Reykjavík til dagsins í dag er líka alveg stórkostleg. En á þessum tímapunkti ættum við kannski bara að segja „mission accomplished“! Það var landsbyggðin sem byggði Reykjavík upp. Getur hún kannski farið að standa undir sér sjálf?“ spyr Þóroddur.

Hann vill beita sér fyrir því að umræðan verði tekin upp á öðrum nótum en verið hefur. „Það er lágmarksbyrjunarpunktur að setja þessa umræðu, um heilbrigðisþjónustu til dæmis, í samhengi við hvað manneskjan, íbúi á Vestfjörðum, greiðir í sameiginlega sjóði. Eru þetta ekki hennar peningar? Þetta er spurning um hvað við erum tilbúin í að leggja mikið í að fólk fái að búa heima hjá sér og lifa því lífi sem það vill. Fólk er að borga fyrir þessa þjónustu. Við vitum hins vegar alveg að það þarf að skera niður, en það væri frekar hægt að opna umræðuna og ræða hvernig heilbrigðisþjónustu mun verða breytt á næstu tíu árum, hvaða hluti hennar verður miðlægur og hvaða hlutir hennar í héraði og hvernig samgöngur verða bættar svo slík hagræðing gangi upp. Það er hins vegar það sem mér þykir verst við þennan niðurskurð, hvernig staðið er að honum og þessi hroki sem einkennir hann.“

– Sunna Dís Másdóttir.

Dregur úr trú á framtíð svæðisins

Niðurskurður sjúkrahúsþjónustu myndi draga úr stöðu norðanverðra Vestfjarða sem tiltölulega sjálfstæðs svæðis. Þetta kemur fram í skýrslu um efnahags- og samfélagsleg áhrif fyrirhugaðs niðurskurðar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Þar segir að niðurskurðurinn myndi draga úr tiltrú á framtíð svæðisins. „Það má öllum vera ljóst að ef svo róttækur niðurskurður sem raun ber vitni nær fram að ganga með jafn veikum rökstuðningi og blasir við (þar sem nettó áhrifin á ríkissjóð verða lítil en afleiðing fyrst og fremst flutningur á störfum í heilbrigðisþjónustu frá jaðrinum til miðjunnar) þá verður ómögulegt í framtíðinni að halda úti þeirri grunnþjónustu sem svæðið byggir á, s.s. menntaskóla sem heldur úti bæði bóknáms- og verknámsbrautum.“

Í skýrslunni er einnig bent á að á Vestfjörðum er að finna fjölmörg tækifæri til að byggja upp nýja atvinnu. „Að virkja þau tækifæri er hins vegar langtímaverkefni, mælt í áratugum, það leggur enginn í 5-10 ára (að ekki sé talað um 15-20 ára) vegferð við uppbyggingu á fyrirtæki ef líkur eru á því að stoðir samfélagsins verði farnar loksins þegar gera má ráð fyrir árangri af starfsævinni.“

Norðanverðir Vestfirðir mynda sjálfstætt svæðisbundið hagkerfi sem byggir á útflutningi og þjónustu við íbúana. Þrátt fyrir að hagstjórn síðasta áratugar hafi verið mjög andsnúin útflutningsgreinum hefur þar átt sér stað nýsköpun á ýmsum sviðum sem skapar þjóðarbúinu útflutningstekjur sem leiða svo til margfeldisáhrifa sem koma fram á höfuðborgarsvæðinu að mestu leyti. Sem dæmi um þetta er nefnt í skýrslunni þróun og innleiðingu á nýjum aðferðum í fiskeldi, þróun og framleiðslu á iðnaðarvörum s.s. tækjum til matvælavinnslu og veiðihjólum, auk margvíslegrar ferðaþjónustu. „Þessi starfsemi er hrein viðbót við þjóðarbúið og byggir ekki á takmörkuðum auðlindum s.s. fiskistofnum eða raforku,“ segja skýrsluhöfundar.

„Hins vegar er ljóst að ef sérhæfð opinber þjónusta verður lögð niður þá verður afgerandi breyting á eðli svæðisins sem efnahagslegrar heildar og búsetukosta þess. Slíkt mun draga úr aðdráttarafli svæðisins og frumkvæði. Telja má víst að um alla framtíð verði til staðar einhver starfsemi sem nýti sér með beinum hætti náttúrukosti svæðisins, s.s. hafnsækin starfsemi, náttúruskoðun, sumarbústaðir og ferðamennska. Hins vegar er óþolandi fyrir íbúana og grefur undan viðleitni til hagþróunar á svæðinu ef ekki er staðið við að halda úti þeim krítíska massa opinberrar þjónustu sem er fyrir hendi á svæðinu og er ein forsendan fyrir fjölbreyttu og virku efnahags- og mannlífi.“

Höfundar skýrslunnar eru Ísfirðingarnir Dóra Hlín Gísladóttir verkfræðingur og Kristinn Hermannson, hagfræðingur, en hún var unnin að ósk grasrótarhóps á norðanverðum Vestfjörðum.

Frá íbúafundinum á Ísafirði þar sem skýrslan var kynnt. Lengst til vinstri er Dóra Hlín Gísladóttir, annar höfunda skýrslunnar, þá bæjarfulltrúarnir Albertína Friðbjörg Elíasdóttir og Arna Lára Jónsdóttir. Í pontu er Daníel Jakobsson bæjarstjóri.

Spurningin

Ætlar þú í haustferð til útlanda?

Alls svöruðu 564.
Já sögðu 83 eða 15%
Nei sögðu 458 eða 81%
Óvíst sögðu 23 eða 4%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðlæg eða breytileg átt og dálítil él norðanlands, stöku él syðst en annars bjartviðri. Fremur kalt. **Horfur á laugardag:** Supvestlæg átt með slydduéljum vestanlands. Annars léttskýjað. Hiti 0-5 stig vestast. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir austanátt með rigningu eða slyddu sunnan- og austanlands. Heldur hlýnandi veður.

Ritstjórnargrein

Hvers má vænta?

Uppsagnir starfsfólks tveggja fyrirtækja á Vestfjörðum á föstudaginn, jarðverktakafyrirtækisins Ósafls og fiskvinnslufyrirtækisins Eyrarodda hf., á Flateyri, ná til liðlega 60 einstaklinga. Það er óneitanlega hátt hlutfall vinnandi handa í litlu samfélagi og því mikið reiðarslag. Vissulega má segja að óvissa hafi legið í loftinu hjá Ósafli eftir að vinnu við Bolungarvíkurgöngin lauk, en á móti var haldið í vonina um auknar framkvæmdir við snjóflóðagarðinn í Bolungarvík, sem fyrirtækið stendur fyrir. Hvernig því verki kemur til með að miða er BB ekki kunnungt.

Vandi Eyrarodda er af öðrum toga en Ósafls: Fyrirtækið var stofnað á rústum kerfis sem svipt hafði íbúa Flateyrar, líkt og íbúa fjölmargra annarra sjávarþorpa, rétti sem öldum saman var talinn sjálfsagður; nauðvörn sem gripið var til, með bjartsýnina eina í farteskinu, til að bjarga því sem bjargað varð, eftir að fólkið hafði verið skilið eftir í eins konar tómarúmi, rúið öllum möguleika til að framfleyta sér og sínum. Viðvarandi hráefnisskortur hjá fiskvinnslunni er að líkindum megin ástæða þess fjárhagsvanda sem nú er uppi hjá fyrirtækinu. Hvað nú?

Geta forráðamenn Eyrarodda vænst að tekið verði á fjárhagsvanda fyrirtækis þeirra með líkum hætti og fordæmi eru nú þegar fyrir með sjávarútvegsfyrirtæki, úrlausnir sem greint hefur verið frá í fjölmiðlum með eftirminnilegum hætti, þar af leiðandi öllum kunnar og hafa vakið óskipta athygli? Stjórnmálamenn tala mikið þessa dagana um að gæta þurfi jafnræðis!

Geta byggðarlög, sem eiga alla sína tilvist undir veiðum og vinnslu sjávarfangs vænst þess að sérstaklega verði til þeirra horft af stjórnvöldum, komi til aukning á veiðiheimildum?

Baráttan um brauðið er í algleymingi. Yfirlýsingar um að ekki komi annað til greina en að rafmagn frá nýjum virkjunum verði nýtt í „heimahögum“ segir meira en mörg orð um hvað undir kraumar í samfélaginu.

Íbúar Flateyrar munu ekki ganga fylktu liði um bæinn með kröfuspjöld á lofti um álver og gagnaver, en þeir krefjast þess að fá með sanngjörnum hætti aðgang að auðlindinni við bæjardyrnar; að þeir njóti í ríkari mæli en verið hefur réttar til sjálfsbjargar.

Vandamálið á Flateyri er ekki einkamál íbúanna þar. Það er vandamál þjóðarinnar allrar. Vandamál, sem sprottið er af mistökum stjórnmálamanna, sem tímbært er að hætta að rífast um en horfast í þess stað í augu við blákaldan veruleikann.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is.* · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, *kte@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Frá borgarafundinum í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Sparnaðurinn hverfur fljótt

Verði fjárveitingar til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða skornar niður um 185 milljónir króna eins og lagt er til í fjárlagafrumvarpi ársins 2011, mun það varlega áætlað skila innan við 30 milljóna króna raunverulegum sparnaði fyrir ríkissjóð. Stór hluti áætlaðs sparnaðar hverfur með auknum flutningskostnaði. Nái þessi niðurskurðarkrafa fram að ganga má hins vegar búast við að segja þurfi upp fimmta hverjum starfsmanni Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, eða um 35 manns í 22 stöðugildum. Þetta er meðal þess sem fram kemur í úttekt sem gerð hefur verið á efnahags- og samfélagslegum áhrifum fyrirhugaðs niðurskurðar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða sem kynnt var á borgarafundi í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði í síðustu viku.

Skýrsluhöfundar segja að ómæld viðbótarútgjöld leggjast á íbúa og fyrirtæki á svæðinu vegna sjúkraferðalaga til Reykjavíkur og vegna lengri fjarveru með tilheyrandi vinnutapi. Það voru þau Dóra Hlín Gísladóttir, verkfræðingur og Kristinn Hermannsson, hagfræðingur sem unnu skýrsluna fyrir Heimavarnarliðið, sem eru grasrótarsamtök íbúa sem vilja standa vörð um heilbrigðisþjónustu á norðanverðum Vestfjörðum. Skýrsluhöfundar segja það ámælisvert að leggja til jafn róttæka breytingu á heilbrigðisþjónustu heils landssvæðis án þess að gerð sé tilraun til að meta afleiðingarnar sem hæglega geti orðið mun afdrifaríkari en fyrirhugaður sparnaður réttlætir.

Bent er á að niðurskurður heilbrigðisþjónustunnar auki kostnað við búsetu á svæðinu auk þess sem meiri fjarlægð frá sérhæfðri læknisþjónustu bjóði þeirri hættu heim að sjúklingar verði fyrir heilsutjóni af því að komast ekki undir læknishendur í tæka tíð, sem aftur hafi í för með sér mikinn samfélagslegan kostnað.

Dóra Hlín Gísladóttir.

Í skýrslunni kemur fram að á hverju ári eru 600-800 sjúklingar lagðir inn á sjúkrahúsið á Ísafirði og verði starfsemi sjúkra- og hjúkrunarsviða Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða skert eins og tillagan gerir ráð fyrir megi reikna með að flytja þurfi 400-700 þessara sjúklinga suður til aðhlynningar. Áætlað er að aukin kostnaður ríkisins vegna þessara sjúkraflutninga geti numið tæpum 60 milljónum króna á ári.

Skýrsluhöfundar segja vandséð að það geti leitt til nettósparnaðar að leggja niður hjúkrunarrými í einum landshluta til þess eins að bæta við nýjum hjúkrunarrýmum annars staðar. Ekki sé hægt að gefa sér fyrirfram að mikill sparnaður náist með flutningi starfseminnar suður, jafnvel þó gengið sé út frá því að einungis þurfi 50% af þeim launakostnaði sem skorinn er niður til að veita sjúklingunum sömu þjónustu í Reykjavík.

Tilflutningur á opinberum störfum frá Vestfjörðum til höfuðborgarsvæðisins muni hins vegar fela í sér róttæka skerðingu á þjónustu á svæðinu með óafturkræfum afleiðingum, að því er segir í tilkynningu frá Heimavarnarliðinu.

Íslandsbanki

Ráðgjafi
í Þjónustuver Íslandsbanka á Ísafirði

Leitað er að kraftmiklum starfsmanni í lið ráðgjafa þjónustuversins. Við leitum að áhugasömum einstaklingi, sem hefur frumkvæði, metnað og vilja til að veita viðskiptavinum úrvalsþjónustu. Þjónustan fer fram símleiðis og með tölvupósti.

Helstu verkefni:
- Fjármálaráðgjöf til einstaklinga
- Veita framúrskarandi þjónustu

Hæfniskröfur:
- Reynsla úr starfi hjá fjármálafyrirtæki er kostur
- Frumkvæði
- Geta unnið undir álagi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Nákvæmni og talnaskilningur
- Samstarfshæfni

Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Elsa Jónasdóttir, sími 440 3731, netfang kolbrun.jonasdottir@islandsbanki.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá. Umsóknarfrestur er til 11. nóvember nk. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, netfang sigrun.olafs@islandsbanki.is, sími 440 4172.

Vinna samkvæmt aldagömlum hefðum

Guðrún Pálsdóttir og eiginmaður hennar, Einar Guðbjartsson, eiga útgerðina Hlunna ehf og harðfiskverkunina Fiskverkun EG ásamt börnum sínum tveimur, Birki og Steinunni. Þau tóku í síðustu viku þátt í gríðarstórri ráðstefnu á vegum alþjóðlegu Slow Food-samtakanna í Tórínó á Ítalíu, þar sem vestfirski harðfiskurinn var kynntur ráðstefnugestum frá öllum heimshornum. Guðrún segir það hafa verið gríðarlega hvatningu fyrir manneskju í hennar sporum, sem rekur lítið fjölskyldufyrirtæki með áherslu á vistvæna gæðaframleiðslu.

Bjuggu til eigin tækifæri

Guðrún og Einar eru rótgrónir Önfirðingar og búa á Flateyri, þar sem þau reka fjölskyldufyrirtækin. Þau höfðu bæði starfað innan sjávarútvegsgeirans í fjölda ára áður en þau tóku þá ákvörðun að ráðast í eigin útgerð árið 1980.

„Við höfðum unnið ýmis störf fyrir það, svona það sem til féll hverju sinni. Við vorum bæði í frystihúsinu og í beitningu, ég vann í mötuneyti frystihússins og Einar vann í fiskvinnslu og harðfiskverkun fyrir Kaupfélagið," útskýrir Guðrún, þar sem hún situr við eldhúsborðið yfir kaffibolla og kexi með fíkjusinnepi, kampavínssultu eða frönskum ostum - broti þeirra kræsinga sem þau hjón fengu tækifæri til að kynna sér í Tórínó í síðustu viku. „Við höfðum líka leigt bát áður en við keyptum okkar fyrsta handfærabát árið 1980. Einar réri honum þá á sumrin. Fjórum árum seinna byrjuðum við á grásleppuveiðum á vorin og fórum smám saman að lengja úthaldið á bátnum og fara í línu á haustin," útskýrir Guðrún.

Ákvörðun þeirra hjóna um að snúa sér alfarið að eigin atvinnurekstri kom helst til af því að önnur atvinnutækifæri voru fá. „Á þessum tímapunkti höfðu ýmis fyrirtæki hætt rekstri eða bátar verið seldir. Við sáum fram á að hafa kannski ekki fasta atvinnu í framhaldinu, svo við fórum að þreifa fyrir okkur í þessu," útskýrir hún.

Árið 1999 var Blossi smíðaður fyrir fjölskylduna, en á honum róa systkinin Birkir og Steinunn í dag. „Þar með var kominn grundvöllur fyrir heilsársrekstri og því að fá fisk í vinnsluna. Við viljum bara línufisk, sem er alltaf nýr og góður," segir Guðrún.

Síðustu tvö sumur hafa þau gert út á sjóstangveiði fyrir ferðamenn á sumrin. „Við sáum þarna tækifæri til að nýta bátinn betur. Við höfðum ekki nægan kvóta til að reka bátinn allt árið og vorum líka alveg til í að prófa eitthvað nýtt. Birkir og Steinunn hafa verið á bátnum og séð um ferðamenninna, en við getum tekið átta manns um borð í sjóstöngina. Þetta er tækifæri til að reyna að fá fólk hingað og að bjóða þeim ferðamönnum sem hingað koma upp á einhverja afþreyingu," segir Guðrún, sem segir tímann munu leiða í ljós hvort tilraunin takist. „Það tekur auðvitað tíma að byggja svona starfsemi upp, slíkt gerist ekki á einni nóttu."

Undir merkjum Slow Food

Fyrirtæki Guðrúnar og Einars samræmist áherslum Slow Food-stefnunnar svo vel að halda mætti að þau hefðu haft hana til hliðsjónar í upphafi rekstursins. Svo er þó alls ekki.

„Við erum nánast eins og eftir uppskrift að Slow Food-framleiðanda, þar sem slagorðið er: maturinn skal vera góður, hreinn og sanngjarn," segir Guðrún og hlær við. „Þetta eru smáframleiðendur, alls ekki verksmiðjuframleiðsla. Það er lögð mikil áhersla á að vera með hreina afurð, ekki með neinum viðbættum efnum. Vistvæn og sjálfbær framleiðsla skiptir líka miklu máli. Við veiðum fiskinn okkar á króka, og svo er hann þurrkaður í vindi úti við eins og gert var í gamla daga, svo þetta passar mjög vel," útskýrir Guðrún.

Hún hafði lítil kynni haft af Slow Food-samtökunum þangað til í vor, þegar haft var samband við hana að fyrra bragði. „Ég hafði eitthvað heyrt um þessa stefnu, og sömuleiðis Slow Fish, og þá helst að það snérist um smáframleiðendur sem fylgdu oft gömlum hefðum í matvælaframleiðslu. Ég vissi lítið meira en það. Bændamarkaðurinn Frú Lauga í Reykjavík, sem er meðlimur í Slow Food fór svo að leita að góðum, hefðbundnum harðfiski til að selja og þá bentu margir á okkur. Þar með var Slow Food boltinn eiginlega farinn að rúlla, með okkur innanborðs," segir Guðrún og hlær við. Í vor var hún svo beðin að halda erindi á kynningu á Slow Food á Íslandi í samráði við ítalsk-íslenska verslunarfélagið. „Ég fór þá suður og hélt smá kynningu á vestfirskum harðfiski, hvernig hann hefur verið verkaður í gegnum tíðina og hvað við erum að gera í dag. Það var eiginlega upphafið að þessu," útskýrir Guðrún.

Unnið samkvæmt aldagömlum hefðum

Hún hefur í gegnum tíðina við að að sér töluverðum upplýsingum um harðfiskverkun og þá sérstaklega af Vestfjörðum. „Ég hef bæði lesið bækur og talað við gamalt fólk um hvernig fiskurinn hefur verið nýttur. Verkun harðfisks á Vestfjörðum er náttúrulega mjög gömul hefð, og þá sérstaklega steinbíts. Hann var fyrst verkaður á grjótgörðum – flakaður, kúlaður og lagður ofan á grjótgarðinn. Síðar var farið að byggja opna hjalla, en þá var hann flakaður í heilu lagi og með hausnum á. Fiskurinn úr hausnum var þá borðaður líka. Frændur mínir verkuðu harðfisk þannig. Í dag er hausinn tekinn af og bara flökin notuð, og hann er sömuleiðis snyrtur betur. Bein og brjósk eru fjarlægð og uggarnir teknir af. Það var ekki spáð jafn mikið í slíka snyrtingu í gamla daga," útskýrir Guðrún og kímir.

Ferlið sem slíkt er í dag afar líkt því sem áður tíðkaðist, því það er í raun aðeins umgjörðin sem er önnur. „Verkunin er í raun sú sama. Við hengjum fiskinn í hjall með þaki og neti utan um, svo það komist engin dýr inn til að stela sér bita. Við skolum hann heldur ekki upp úr sjó, eins og var gert í gamla daga, heldur upp úr vatni með örlitlu salti. Honum er rétt dýft ofan í það, til að skola síðasta slorið af," útskýrir Guðrún.

Sé harðfiskurinn inniþurrkaður, sem er nokkuð algeng verknaraðferð, er hann oftast saltari. „Það er ekki endilega verri aðferð, það er smekksatriði hvers og eins, en við forðumst þetta. Við viljum hafa harðfiskinn sem náttúrulegastan, með engum viðbættum efnum, eins og salti. Hann er flakaður ferskur og hengdur beint út í hjall. Þegar hann er þurr, eftir fjórar til sex vikur, tökum við hann inn, pökkum og setjum beint í frysti," útskýrir Guðrún og ítrekar að harðfiskur sé frysti- eða kælivara.

„Harðfiskur á ekki að geymast við stofuhita, hann fer ekki vel af því. Hann er kannski ekki skemmd vara, en gæðum og útliti hrakar mikið. Steinbíturinn er sérstaklega viðkvæmur. Við veljum orðið úr þær búðir sem hugsa vel um vöruna okkar og skiptum við þær. Við höfum komið í búðir þar sem fiskurinn er geymdur við stofuhita og er orðinn gulur og ógirnilegur – ég hefði ekki einu sinni lyst á því að gefa kettinum mínum hann!" segir Guðrún og hlær.

Hún segir verkunaraðferðir þeirra hafa hlotið mikinn hljómgrunn hjá þeim ráðstefnugestum sem þau kynntust í Tórínó. „Fólk virðist vera farið að hugsa mjög mikið um að fæðan sé hrein náttúruafurð – að það séu engin aukaefni í matvælunum og að þau séu ekki unnin við aðstæður sem kalla á mikla orkunotkun. Eins að fiskurinn sé ekki ofveiddur, heldur sé úr sjálfbærum stofnum og veiddur á vistvæn veiðarfæri. Þetta er allt eitthvað sem fólk hugsar um og gæti náttúrulega ekki hentað okkur betur. Við veiðum á króka og þurrkum í vindi, náttúruvænna getur það varla orðið!"

Boðið til Tórínó

Í kjölfar fyrirlesturs Guðrúnar um sögu harðfisksverkunar á Vestfjörðum bauðst þeim Einari að sækja ráðstefnuna í Tórínó. „Okkur var sagt frá þessari ráðstefnu, sem heitir Terra Madre, og fulltrúar Slow Food á Íslandi sögðust endilega vilja fá fisk frá okkur til að kynna þarna úti. Í sumar hringdi svo í mig ítölsk kona sem var stödd hér á landi og vildi endilega hitta mig. Ég hélt reyndar að hún væri bara ferðamaður, en hún var þá yfirmaður hjá Slow Food á Ítalíu. Hún bauð okkur þetta, að vera boðsgestir á sýningunni. Við sáum um að koma okkur á staðinn en þau tóku þá við okkur þar og sáu um allt annað. Ég man ekki til þess að við höfum hugsað okkur lengi um, við slógum bara til," segir Guðrún.

Samhliða ráðstefnunni Terra Madre, sem þeim Guðrúnu og Einari var boðið að taka þátt í, fór fram sýningin Salone del Gusto, á vegum Slow Food. Þar dreif að smáframleiðendur víðsvegar að úr heiminum sem kynntu vörur sínar og seldu á aragrúa sölubása. „Þetta var haldið í aðalsýningarhöllinni í Tórínó og setning og slit ráðstefnunnar voru í Ólympíuleikvanginum, þar sem vetrarólympíuleikarnir fóru fram árið 2006. Hallirnar voru alveg gríðarstórar og það var þvílíkur fólksfjöldi þarna að það er erfitt að átta sig á því hversu margir þetta voru. Ég hugsa að það hafi verið einhver hundruð þúsunda," segir Guðrún. Á Terra Madre ráðstefnunni einni og sér tóku þátt um fimm þúsund aðilar frá 150 löndum og enn fleiri sýndu vörur sínar á sölusýningunni.

„Frá Íslandi fóru nokkrir aðilar, en það ferðuðust allir á eigin vegum. Við urðum samferða Dominique Plédel, sem er formaður Slow Food samtakanna á Íslandi. Við dvöldumst á fjallahóteli uppi í ítölsku Ölpunum, í tveggja klukkutíma akstursleið frá sýningarhöllinni í Tórínó, ásamt öðrum íslenskum boðsgestum á sýningunni," útskýrir Guðrún, sem fannst mikið til umhverfisins koma þó hún sé ekki alveg ókunnug fjalllendi frá eigin heimaslóðum. „Það er ægilega fallegt þarna. Fjallahringurinn með hvítum fjallstoppum umkringir Tórínó, og hótelið okkar var í fjalli sem var 1700 metrar á hæð. Þetta er svolítið ævintýralegt, vegirnir brattir og krókóttir og þegar rútan sem ferjaði okkur á milli mætti bílum þurfti að bakka svona eftir aðstæðum," segir Guðrún og kímir.

Sérstök kynning á íslenskum matvælum, þar sem harðfiskur Einars og Guðrúnar var á meðal persóna og leikenda, var haldin á Terra Madre í svokallaðri smiðju. „Maturinn var þá útbúinn af kokkum og hver og einn réttur kynntur sérstaklega. Fólk keypti sér sérstaklega aðgang að svona kynningum og ég sá ekki betur en að salurinn væri fullsetinn hjá

okkur, þar voru um 70 manns og biðröð fólks sem komst ekki að," útskýrir Guðrún. Auk harðfisksins var boðið upp á hangikjöt, nýtt skyr og íslenskt smjör. „Svo voru þarna fjórar tegundir af íslenskum bjór frá Ölvisholti, hangikjöt og laufabrauð frá Möðrudal, hverabrauð og reyktur silungur frá Mývatni, skyr og svo önnur tegund af harðfiski, lúran frá Hornafirði. Við fórum með bæði ýsu og steinbít, en frá Höfn í Hornafirði var þarna komin lúra, lítill sólkoli. Það er mikil hefð fyrir því að þurrka hann og borða – með beinum, roði og öllu – þarna í Hornafirði, sem er nokkuð sem við Vestfirðingar þekkjum ekki. Eins og steinbíturinn er sérvestfirskur er lúran á Suðausturlandi. Ég hafði ekki hugmynd um það! Það er nú hálfspaugilegt að þurfa að fara til Ítalíu til að kynnast því," segir Guðrún og skellir upp úr.

Hún segist íslenska matinn hafa mælst vel fyrir hjá gestum og þá voru börnin sérstaklega hrifin af íslenska harðfisknum. „Þau bókstaflega hökkuðu hann í sig! En þeir sem ég spjallaði við eftir kynninguna tóku allir mjög vel í þetta og voru hrifnir af íslenska matnum," segir Guðrún.

Vitundarvakning

Á Terra Madre ráðstefnunni er lögð sérstök áhersla á sjálfbærni, vistvæna og helst lífræna framleiðslu og vinnslu matvæla samkvæmt gömlum hefðum. Guðrún segist sjálf hafa orðið vör við mikla hugarfarsbreytingu og vitundarvakningu í þeim efnum á síðustu árum, bæði hér heima og utan landssteinanna, sem speglist í þeim umræðum sem hún tók þátt í á Terra Madre.

„Síðustu tíu árin og kannski einna helst síðustu fimm árin eða svo, hefur mér fundist eiga sér stað mikil vitundarvakning. Fyrir árið 2000 var eins og það væri litið á gamlan, hefðbundinn mat sem vondan. Það voru allir að reyna að gera hann nýtískulegan og sem flottastan, í sem flottustum umbúðum," segir Guðrún.

„Mér finnst hins vegar mjög gaman að sjá að fólk sé aftur farið að huga að þessum gömlu hefðum og þar að auki hugsa mikið um hvað að lætur ofan í sig. Á þessari ráðstefnu var mikið talað um erfðabreytt matvæli. Fólk er greinilega orðið mjög meðvitað um hvaðan maturinn kemur sem það borðar. Matur úr heimabyggð er orðin stærri þáttur í fæðu fólks, í staðinn fyrir eitthvað framandi sem er flutt um langan veg. Fólk vill frekar hreina fæðu, í staðinn fyrir mat sem er með miklu magni af viðbættum efnum, bindiefnum og litarefnum, jafnvel," segir Guðrún.

Matartengd ferðaþjónusta í sókn

Þessi matarstefna, sem Slow Food er í forsvari fyrir um heim allan, tengist ferðaþjónustu sömuleiðis nánum böndum. „Fólk á ferðalagi vill fá að smakka þann mat sem er framleiddur á hverjum stað sem það kemur á. Við á Íslandi og Vestfjörðum eigum að bjóða ferðalöngum upp á mat úr héraði, sem er náttúrulega gert víða. Tjöruhúsið á Ísafirði er gott dæmi um það starf, sem mælist sérstaklega vel fyrir, og eins Vagninn á Flateyri nú í sumar. Það er alls staðar talað vel um þetta, að bjóða upp á fisk af okkar miðum. Fólk er ekki að sækjast eftir erfðabreyttum mat eða iðnaðarframleiddum hamborgurum, það vill hreina vöru! Þetta á að stíla inn á," segir Guðrún.

Á ráðstefnunni kynntist hún fulltrúum Norðmanna, sem kynntu þar saltfiskinn sinn og sömuleiðis matartengda ferðaþjónustu í Noregi. „Í þorpum þar er til dæmis boðið upp á fisk sem sjómenn af svæðinu veiða. Þá tekur einhver við honum til að vinna hann og loks tekur matreiðslumaður af veitingastað við honum og býður hann til sölu. Svo segja þeir sögu fisksins sem fólk leggur sér til munns, hvar hann var veiddur, hvernig hann var verkaður samkvæmt hefð sem hefur gengið mann fram af manni í tímans rás, og hvernig hann er loks matreiddur á staðnum. Það er þá heil saga í kringum matinn sem maður borðar. Þetta finnst fólki eftirsóknarvert," segir Guðrún, sem segir þessa tegund matartengdrar ferðaþjónustu vera að sækja í sig veðrið mun víðar. „Fólk frá Kanada sagði okkur svipaðar sögur og sömuleiðis fulltrúar frá Indónesíu, sem ég spjallaði svolítið við. Þessi vitundarvakning um gamlar matarhefðir og matartengda sögu á sér stað um allan heim," bætir hún við.

Maturinn segir sögur

Guðrún kynntist sömuleiðis ungum egypskum námsmanni sem vinnur að viðamiklu verkefni tengdum matarhefðum heimsins. „Hann er að skrifa bók um gamlan „hefðamat", ef svo má segja, til þess að kynna sögu matarins fyrir ungu fólki. Í gamla daga lifðu náttúrulega allir á mat úr héraði og honum tengjast ýmsar sögur, sem þessi maður er að safna. Hann spurði til dæmis hvort að Einar hefði hitt einhverjar hafmeyjar á sjónum," segir Guðrún og brosir. Þau hjónin gátu reyndar ekki staðfest að svo væri, en sögðu honum hins vegar af því hvernig harðfiskur var notaður til að spá fyrir um veður.

„Í gamla daga voru þorskhausar þurrkaðir," útskýrir Guðrún. „Bitarnir heita ýmsum nöfnum, og þar á meðal var einn sem gekk undir nafninu meyjarsvunta. Hún var notuð til að spá í veðrið. Maður setti bitann upp í sig, og ef hann lak niður þegar maður tók hann út úr sér var það fyrir úrkomu og vondu veðri. Héldist hann alveg stífur mátti hins vegar búast við heiðríkju og góðu veðri. Í Noregi er þurr þorskur hengdur upp í bandi í sama tilgangi. Það fer eftir því hvernig hann snýst hvernig veðrið verður, hvort það kemur lægð eða hæð. Matur er svo stór hluti af lífinu og matarhefðum úr héraði fylgja margar svona sögur, sem ekki mega glatast."

Mikil hvatning

Ferð þeirra Guðrúnar og Einars til Ítalíu, og kynni þeirra af öðrum matvælaframleiðendum, varð þeim mikil hvatning, að sögn Guðrúnar. „Það er svo gaman að hitta fólk sem er í svipuðum rekstri og við – með lítil fjölskyldufyrirtæki sem vinna samkvæmt gömlum hefðum og halda þannig við matarhefðum um

heim allan. Það er líka alveg frábært að sjá hvað aðrir eru að gera. Það er hvatning fyrir okkur að halda áfram á okkar braut og reyna að gera það sem besta sem við getum úr því góða hráefni sem við erum með í höndunum," segir Guðrún.

Þau selja nú þegar harðfisk sinn vítt og breitt um landið og hafa fengið fyrirspurnir erlendis frá. Hingað til hafa þau þó ekki geta annað þeirri eftirspurn. „Við eigum varla nóg fyrir Íslandsmarkað. Fólk hefur haft samband við okkur frá Noregi og Bandaríkjunum og úti á Ítalíu fengum við líka fyrirspurnir frá Belgíu og Hollandi. Við eigum bara ekki nóg af fiski, af því að við erum ekki stórframleiðendur. Til að ráðast í meiri framleiðslu þyrftum við að fara að kaupa fisk á markaði á hvaða verði sem er, af því að við eigum ekki meiri kvóta. Svo við viljum bara halda áfram að vera lítil, vanda okkur við það sem við gerum og halda þessum miklu gæðum," segir Guðrún.

Það kemur þó fyrir að þau geti selt út fyrir landssteinanna, en Guðrún segist nú fá þó nokkrar fyrirspurnir frá fólki sem er statt erlendis og vill gefa harðfisk í jólagjöf. Þá eru nokkrir í Noregi og Bandaríkjunum sem hringja eða senda e-mail og panta harðfisk„Við fengum líka fyrirspurn frá gömlum enskum togaraskipstjóra, sem var á sjó hérna á enskum togara fyrir mörgum árum. Hann kynntist harðfisknum þá, ungur maður, og vill endilega fá hann sendan út til sín. Það er bara gaman að geta orðið við því," segir hún brosandi.

Óvissuástandið er erfitt

Þrátt fyrir að fjölskylda Guðrúnar hyggist áfram einbeita sér að framleiðslu gæðaharðfisks segir hún það allt annað en auðvelt að halda úti slíku fyrirtæki í því umhverfi sem sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi þurfa að takast á við í dag.

„Það er það sem mér finnst erfiðast í dag, og það eina sem gæti fengið mig til að gefast bara upp og hætta. Þessi óvissa sem fylgir kvótakerfinu og allri umræðu um það. Við þurftum náttúrulega bara að spila með settum lögum og reglum og keyptum bæði kvóta og bát. Svo hefur maður það stöðugt yfir höfði sér að það eigi kannski að afnema kerfið eða breyta því, með svo kallaðri fyrningaleið og við gætum misst allt okkar. Ég held að það væru ekki margir sem mundu sætta sig við að láta taka af sér þau verðmæti sem fólk hefur keypt, sama hvað það væri, en þannig er það með kvótann – við höfum keypt hann. Stjórnvöld settu þessar reglur, sem við fylgdum, og svo er hringlað með þær fram og til baka. Mér finnst þetta mjög erfitt," segir Guðrún, sem þorir ekki að gera áætlanir lengra en nokkra mánuði fram í tímann.

„Það er bara ekki hægt að gera langtímaáætlanir. Það er alveg nóg að standa í útgerð og eigin atvinnurekstri þó þessi óvissa bætist ekki ofan á. Og nógu er nú erfitt að glíma við veðrið hérna, að vita ekki hvort náttúran verði grimm eða blíð við mann þann og þann vetrardaginn. Þetta er nánast eins með stjórnmálamennina, maður veit ekkert hvort það verður norðan eða sunnanátt frá þeim." segir hún og hlær við. „Við tökum bara eitt ár í einu. Ég er með plön fram á næsta vor, en svo veit ég ekkert hvað gerist," segir Guðrún.

Hafa íhugað flutninga

Guðrún segir fjölskylduna áður hafa staðið frammi fyrir óvissu og ákvarðanatöku um hvað skyldi gera næst. Þá íhuguðu þau jafnvel flutninga. „Það kom alveg til greina að flytja á tímabili. Eftir snjóflóðið 1995 kom ár þar sem við vissum eiginlega ekkert hvort við ættum að vera eða fara. Um haustið 1996 rérum við á línu á gamla bátnum okkar Már. Þá byrjuðum við líka að verka harðfisk fyrir alvöru haustið og veturinn 1996. Þetta haust var ég með Einari á sjó, Kristján sonur okkar var fluttur suður og Birkir var í stýrimannaskólanum. Einhvern veginn héldum við bara áfram dag frá degi og höfum gert það til dagsins í dag. Maður veit samt ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér," segir Guðrún.

Í dag er sjómennskan í höndum Birkis, sem er búsettur á Ísafirði, og Steinunnar, dóttur þeirra hjóna, sem er háseti á Blossa. Hún er jafnframt í fjarnámi í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum. Elsti sonur þeirra Guðrúnar og Einars, Kristján, er búsettur fyrir sunnan, en ekki horfinn frá sjónum. Hann rær sinni eigin trillu á sumrin, en vinnur hins vegar sem hárskeri á veturna.

Guðrún segir það hafa bæði kosti og galla að reka fjölskyldufyrirtæki á borð við þeirra og vinna svo náið með fjölskyldunni. „Við höfum ákveðna verkaskiptingu, Birkir á í Blossa með okkur og Steinunn rær með honum. Við Einar erum í harðfiskinum og ég sé um bókhaldið, bæði fyrir bátinn og harðfiskinn og alla sölu á honum. Feðgarnir hjálpast að með allt sem snýr að bátnum og svo erum við með fólk sem sér um að beita línuna. Það fólk er búið að vera lengi hjá okkur, það er alveg ómetanlegt að hafa svona vant og duglegt fólk. Þá þurfum við stundum að fá fleira fólk í vinnu ef okkur vantar fleiri hendur í beitningu eða flökunina," segir Guðrún.

„Hjá fjölskyldufyrirtæki þarf maður að taka tillit til allra, en það þarf líka á öðrum vinnustöðum. Ég er ekkert viss um að það sé auðveldara að vera með fjölskyldufyrirtæki. Grundvallaratriðið er að fólk geti talað saman og okkur hefur hingað til borið gæfa til þess að geta gert það og unnið vel saman," segir Guðrún.

Gerum eins vel og við getum

Sjómennska getur verið erfið á köldum og dimmum vetrardögum, eins og það er gaman að vera á sjó í góðu veðri og þegar það fiskast vel. Guðrún segir fjölskylduna ekki taka óþarfa áhættur. „Það er ekki alltaf gaman að vita af börnunum sínum tveimur, og jafnvel öllum þremur, á sjó. Það er mikil vinna og erfitt að vera á sjó á veturna, í þeim veðrum sem geta verið á Vestfjarðamiðum. En maður vonar það besta og treystir því að þau fari ekki út í óvissu," segir Guðrún.

Börn þeirra ráðfæra sig sömuleiðis mikið við Einar hvað varðar veðurhorfur. „Við viljum frekar að þau séu í landi ef það er tvísýnt með veður. Við tökum engar óþarfa áhættur og pössum allt það sem við getum passað upp á vel, tökum bátinn í gegn á haustin og annað slíkt. Við erum ekki kærulaus með neitt þannig og tökum svo bara einn dag eða eitt ár í einu. Hvað verður eftir það vitum við ekki, við viljum bara gera eins vel og við getum í okkar starfi akkúrat núna," segir Guðrún að lokum.

Sunna Dís Másdóttir.

Ótrúleg mildi í Ísafjarðardjúpi

Það þykir ótrúleg mildi að vöruflutningabílstjóri skuli hafa sloppið lítið meiddur þegar bifreið hans fór út af veginum í Ísafjarðardjúpi um miðja síðustu viku. Eins og sést á meðfylgjandi mynd tættist bifreiðin hreinlega í sundur en hún lenti á kletti við veginn um Hlaðsvík, rétt utan við Laugardal. Framhjól bílsins, sem er dráttarbíll með tengivagni, rifnuðu udan og ökumannshúsið þeyttist af með ökumanninum í og hafnaði átta metra frá flakinu.

Ökumaðurinn missti meðvitund. Lögreglumaður frá Hólmavík komu að slysinu fyrir tilviljun og kölluðu á sjúkrabíl frá Hólmavík. Eftir skamma viðdvöl þar var lagt af stað með hinn slasaða í sjúkrabíl til Reykjavíkur Engin var hálka á veginum og eru tildrög slyssins ókunn. – *kte@bb.is*

Svarti kassinn hægra megin á myndinni er ökumannshúsið sem rifnaði af með bílstjóranum inn í. Bifreiðin hafnaði á berginu sem er fyrir miðri mynd og við höggið brotnaði stórt stykki úr klettinum sem lenti á bifreiðinni. Ljósm: Lögreglan á Ísafirði.

Þorgeir hættir hjá At-Vest

Þorgeir Pálsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hefur sagt upp störfum hjá félaginu og hefur náðst samkomulag milli hans og stjórnar um starfslok. Hann lét af störfum á föstudag. Stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hefur af þessum sökum leitað til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um tímabundna aðkomu að framkvæmdastjórn félagsins.

Á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga á föstudag var beiðni stjórnar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða samþykkt. Hefur stjórn sambandsins falið framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga, Aðalsteini Óskarssyni að taka tímabundið við framkvæmdastjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, samhliða núverandi störfum.

Karlakórinn Ernir gefur út jólaplötu

Karlakórinn Ernir lauk fyrir stuttu upptökum á nýrri jólaplötu sem fyrirhugað er að komi út í desember. „Þetta var heljarinnar törn en við erum nokkuð brattir," segir Sigmundur Þórðarson, söngvari og kórstjórnarmaður. „Öll þarsíðasta helgi var undirlögð í upptökur og þeim lauk ekki fyrr en á miðnætti á sunnudeginum. Það var hinn magnaði Tankstjóri, Önundur Hafsteinn Pálsson, sem sá um upptökur og flakkaði með okkur á milli tónleikasalarins í Hömrum og Ísafjarðarkirkju," segir Sigmundur og bætir við að fjöldi fólks hafi lagt þeim lið.

„Stórvinkona okkar, Guðrún Jónsdóttir sópransöngkona, syngur með okkur einsöng og svo lagði fjöldi hljóðfæraleikara okkur lið með orgelleik, píanóleik og trompetspili, auk þess sem hljómsveit spilaði með okkur í nokkrum lögum," segir Sigmundur. Karlakórinn hefur áður gefið út tvær hljómplötur en Sigmundur segir að þær hafi verið einskonar og upphitin fyrir þessa.

„Á undanförnum tveimur árum hafa tvennir tónleikar verið teknir upp og gefnir út, en við vorum svo ánægðir með útkomuna að ákveðið var að ráðast í alvöru útgáfu. Okkur hlakkar mikið til að heyra útkomuna en á plötunni syngjum við jólalög í nýjum útsetningum sem gefa þeim skemmtilegan og ferskan blæ," segir Sigmundur.

Í byrjun desember mun Bæjarins besta gefa út sérblaðið „Á aðventunni" þar sem verður að finna fjölbreytt efni tengt aðventu og jólum.

Á Aðventunni

Þeir aðilar sem hafa hug á að auglýsa fyrir jólin er bent á að panta tímanlega rými í blaðinu.

Tilkynningar um viðburði á aðventu sem birtast eiga í atburðardagatali blaðsins þurfa að berast eigi síðar en 18. nóvember á netfangið jsimonia@simnet.is

Frekari upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4560.

Ljósmæður uggandi

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði.

Ljósmæður eru uggandi um áhrif fjárlaga fyrir næsta ár á barneignaþjónustu á landinu. Á fundi ljósmæðrafélag Íslands kom fram að ljóst væri að niðurskurðurinn sem þar er boðaður hafi mikil áhrif á flestar fæðingadeildir. „Okkur bregður við að heilbrigðisráðuneytið hefur ekki skoðun á því hvar fæðingarhjálp skuli veitt þrátt fyrir að skýrt sé kveðið á um það í lögum," segir Guðlaug Einarsdóttir, formaður ljósmæðrafélags Íslands. Hún segir að nú þurfi fjöldi fjölskyldna að sækja sér fæðingarhjálp þvert yfir landið.

„Við sjáum fram á það að enn fjölgi í þessum hópi og á fjórða hundrað kvenna þurfi að sækja sér aðstoð um langan veg, jafnvel í annað heilbrigðisumdæmi. Það skortir algjörlega stefnumótun í hvernig skuli veita barneignaþjónustu, hvar og hvernig."

Halldóra Karlsdóttir, ljósmóðir á Ísafirði, tekur undir með Guðbjörgu og segir ljósmæður um allt land hafa áhyggjur af þróun mála. Aðspurð segir hún ljósmæður hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða ekki enn vita hvort fæðingarþjónusta muni leggjast af á Ísafirði ef af niðurskurðinum nær fram að ganga eins og hann er boðaður.

„Við bíðum frétta eins og aðrir. Konur hafa miklar áhyggjur af þessu. Ég hreinlega vil ekki trúa að fæðingar leggist af á Ísafirði, ég ætla að leyfa mér að vera bjartsýn á að ráðamenn sjái villu síns vegar og hversu óskynsamlegt það væri. Það myndi hafa gríðarleg samfélagsleg áhrif ef fæðingar myndu leggjast af, það vitum við sem búum hér að samgöngur eru mjög ótryggar. Þetta myndi hafa í för með sér að konur og fjölskyldur þeirra þyrftu að halda til utan heimilisins í langan tíma. Þær yrðu að fara úr heimabyggð með góðum tíma fyrir áætlaðan fæðingartíma því maður veit aldrei hvenær fæðing hefst, það er ekkert endilega á milli kl. 8-16 eða þegar flugfært er."

Starfsfólki Ósafls sagt upp störfum

Jarðverktakafyrirtækið Ósafl tilkynnti á starfsmannafundi í hádeginu á föstudag að öllu starfsfólki fyrirtækisins yrði sagt upp störfum frá og með 1.nóvember. Er það ekki eina fyrirtækið sem tilkynnti fjöldauppsögn á föstudag en eins og greint er frá hér í blaðinu sagði fiskvinnslufyrirtækið Eyraroddi á Flateyri líka upp öllu sínu starfsfólki. Alls missa rúmlega 60 einstaklingar vinnuna með þessum neyðarúrræðum fyrirtækjanna sem hópuppsagnir eru, að því er fram kemur á vef Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

„Starfsmenn Ósafls hafa haldið í vonina að eftir að framkvæmdum við jarðgöng milli Hnífsdals og Bolungarvíkur lauk að þá yrði settur kraftur í framkvæmdir við snjóflóðagarð í Bolungavík sem einnig hefur verið unnið af Ósafli. Hjá Eyrarodda hefur verið róinn lífróður við að halda fyrirtækinu gangandi frá því um síðustu áramót. Hefur verið farið í ýmsar hagræðingaraðgerðir sem hafa bitnað á starfsfólki í formi uppsagna, en frá áramótum hefur starfsfólki í fiskvinnslu fækkað úr 45 í 28, en hjá fyrirtækinu störfuðu rúmlega 40 einstaklingar við veiðar og vinnslu," segir á verkvest.is.

„Þessar uppsagnir eru gríðarleg blóðtaka fyrir atvinnulíf á Vestfjörðum sem hefur þó haldið sjó þrátt fyrir erfitt efnahagsástand. Í ljósi þessa er sorglegt að ekkert skuli vera fæðast í atvinnumálum hjá stjórnvöldum, ekki stendur á verkalýðshreyfingunni að koma að því borði með hugmyndir og tillögur eins og sést best á ályktunum frá ársfundi ASÍ," segir á vef Verkalýðsfélagsins.

– thelma@bb.is

Afgangur!

Stakkur skrifar

Íslendingar eiga í miklum erfiðleikum sem þjóð. Það höfum við átt oft áður. Nú eigum við ríkisstjórn sem lofaði okkur sama velferðarkerfi og á öðrum Norðurlöndum. Íslendingar eru kannski hættir að teljast með Norðurlöndum? Varla enn, því að Norðurlandaráðsþing stendur nú yfir í Reykjavík. Þar er rætt um Sambandsríkið Norðurlönd. Yfirskriftin er Grænn hagvöxtur - leiðin út úr kreppunni. Minna má það ekki vera. Evrópusambandið dælir nú fé til Íslands til að örva skilning okkar á mikilvægi þess að ganga í það ágæta samband. Margir vilja eiga okkur í kreppunni. Hvað með okkur sjálf? Viljum við vera sjálfstæð þjóð með eigið þjóðríki eða látum við kreppuna buga okkur? Viljum við verða afgangsstærð í sambandi ríkja sem munu ekki taka tillit til okkar Íslendinga? Þetta er stór og mikil fullyrðing. Hvar er aðstoð okkar norrænu bróðurríkja? Á henni bólar vart eða alls ekki.

En margt mætir afgangi hjá okkur núna. Við höfum kynnst því. Hugsaðar breytingar á heilbrigðisþjónustu, sem skal skorin af landsbyggðinni, sýna hvar í forgangi hún er nú. Margt fólk mun missa atvinnu og kjör allra á landsbyggðinni versna. Til skýringar skal getið að þar naut fólk ekki uppgangs í gervipeningabólu síðlausra og siðblindra bankamanna, sem margir telja að beri heitið bankaræningjar með réttu. Afleiðing bankahruns, sem nær væri að kalla stórkostlegt bankarán, mun fylgja okkur lengi og óvíst hvenær við náum skriði á ný. Alþingi og ríkisstjórn er vandi á höndum. Þar er ekki að finna kjark og þor sem ofbeldismenn og aðrir mótmælendur sem komu fólki til valda trúðu að myndi koma í ljós. Vonarglætu er ekki að sjá, bara myrkur sem þó hylur ekki ósamstöðu í þeim málum sem brýnast er að leysa. Svipað eða verra bankarán átti sér stað í Evrópusambandslandinu Írlandi með hina marglofuðu Evru.

Það dugði ekki til. Bankarnir þar voru líka rændir innan frá. Atvinnuleysi er nú 14%, ungt fólk fær ekki vinnu og flýr land. Búist er við að 100 þúsund Írar flýi land árið 2011. Það jafngildir um átta þúsund Íslendingum. Þó eru Írar ekki farnir að ákæra stjórnmálamenn fyrir afglöp og heimsku. Þeir gera sér kannski grein fyrir því að aðalatriði sé að útrýma systrunum tveimur strax, svo byggja megi upp að nýju.

Fimmtán árum eftir snjóflóðið skelfilega á Flateyri dynur yfir áfall af mannavöldum. Það vantar kvóta og 42 starfsmönnum Eyrarodda hefur verið sagt upp störfum. Ekki má veiða fisk og fólk hefur enga björg. Ef taldir eru þeir sem missa vinnu hjá Ósafli í Bolungarvík er hálfur sjöundi tugur manna að verða atvinnulaus. Vestfirðir eru afgangsstærð og hvað verður í norrænu sambandsríki innan Evrópusambandsins?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Rjúpnaveiði í landi Gilsbrekku við Súgandafjörð er stranglega bönnuð. Landeigendur.

Til leigu er 3ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Leigist með eða nán húsgagna. Uppl. í símum 892 1623 eða 863 9932.

Til leigu er rúmgóð og snyrtileg 3ja herb. íbúð í efri bænum á Ísafirði. Laus 1. nóv. Upplýsingar í síma 868 7456.

Til sölu eru fjögur lítið notuð jeppadekk, 255 70R16. Hafa verið notuð í 2-3 mánuði. Fást á 50% afslætti eða 60 þúsund kr. settið. Kjarakaup. Upplýsingar í síma 866 2581.

Vegna flutnings eru eftirtaldir hlutir til sölu: Cal.King hjónarúm, leður hægindastólar og skrifborð. Upplýsingar í síma 899 2466.

Svartur karlmanns frakki hvarf úr fatahenginu í Edinborgarhúsinu aðfaranótt sunnudagsins 31. október. Finnandi hafi samband í síma 690 2691.

Aðalfundur Kvenfélags Ísafjarðarkirkju verður haldinn í kvöld kl. 20 í Safnaðarheimilinu.

Gerðu þitt eigið saumaverkstæði. Ágætu saumavélaskápur fæst gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 864 3589.

Ef gjaldskrá Orkubúsins yrði jöfnuð myndi orkuverð í þéttbýli hækka um 16%.

Jöfnun gjaldskrár þýðir 16% hækkun í þéttbýli

Kristján Haraldsson, orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða segir tvær leiðir koma til greina til að jafna orkuverð milli þétt- og dreifbýlis á veitusvæði Orkubúsins. „Annars vegar með því að ríkið auki framlag sitt til niðurgreiðslu, eins og fyrirheit voru um þegar gjaldskrár voru aðskildar árið 2004, en ríkið hefur einfaldlega aldrei sett nægilegt fé til þess að jöfnunin gangi eftir. Vestfirðingar fá nú um 30 milljónir af jöfnununarfénu en engu að síður er þessi mikli munur staðreynd sem er vissulega óásættanlegur. Hins vegar getur Orkubúið búið til eina verðskrá sem gildir jafnt fyrir dreif- og þéttbýli á svæðinu en það myndi þýða 16% hækkun á verðskrá raforkuflutnings og dreifingar í þéttbýli," segir Kristján og bætir við að verðskráin til dreifbýlisins myndi lækka um 28% ef þessi leið yrði farin.

Orkuverð var rætt á bæjarráðsfundi í síðustu viku í kjölfar bréfs sem barst frá Víði Benediktssyni í Bolungarvík þar sem hann mótmælir óþolandi mismun á húshitunarkostnaði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Í bókun bæjarráðs segir að á kynningarfundi Orkubús Vestfjarða hafi komið fram sú eindregna ósk, að orkuverð á veitusvæði OV verði jafnað milli þéttbýlis og dreifbýlis. „Ég geri ráð fyrir að ósk bæjarráðs beinist að ríkisvaldinu en ekki að gjaldskrá Orkubúsins hækkaði um 16% í þéttbýli," segir Kristján.

Fyrirhugað er að framlag ríkisins til jöfnunar á húshitunarkostnaði muni dragast saman á næsta ári skv. fjárlögum. „Við erum algjörlega sammála bæjaryfirvöldum í því að þennan jöfnuð verður að auka en það gerist ekki nema með aukinni aðkomu ríkisins. En það er ljóst að slíkt er ekki í burðarliðnum heldur þvert á móti. Framlagið hefur verið óbreytt síðan 2004 og því rýrnað að verðgildi í verðbólgu síðustu ára og nú verður um beinan niðurskurð að ræða," segir Kristján. Aðspurður um hvar niðurskurðurinn muni koma niður segir hann það ekki liggja fyrir. „Við höfum ekki fengið formlegar upplýsingar frá Orkustofnun um nánari útfærslu um hvar menn ætla að draga úr. En það lækkar niðurgreiðslur hjá einhverjum einhvers staðar, það er alveg klárt mál," segir Kristján Haraldsson, orkubússtjóri.

– kte@bb.is

Lögreglumenn mótmæla harðlega

Vestfirskir lögreglumenn mótmæla harðlega þeim niðurskurði sem boðaður hefur verið hjá lögregluembættum landsins, að því er segir í ályktun sem samþykkt var á félagsfundi Lögreglufélags Vestfjarða. Félagið minnir á að niðurskurðurinn sem varð á fjárlagaárinu 2010 olli því að ein staða forvarnarfulltrúa við embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum var lögð niður vegna niðurskurðar. Auk þess muni að óbreyttu tvær stöður lögreglumanna verða lagðar niður um næstu áramót vegna niðurskurðaráforma á næsta ári.

„Þannig er fyrirhugað að lögreglumönnum á Vestfjörðum verði fækkað um þrjá eða 17% til að mæta boðuðum niðurskurði. Það gefur auga leið að slíkur niðurskurður hefur í för með sér lakari þjónustu við íbúa og þá sem leið eiga um umdæmið. Þeim markmiðum sem lögreglan í landinu hefur sett sér að halda uppi sýnilegri löggæslu, eflingu rannsókna og skilvirkari þjónustu við íbúa landsins, verður ekki náð, hvort heldur á Vestfjörðum eða hjá öðrum embættum landsins, gangi áform um frekari niðurskurð til löggæslumála eftir," segir m.a. í ályktuninni.

Félagið ítrekar einnig þau mótmæli sem fram koma í ályktun félagsins frá 28. október á síðasta ári er snúa að fyrirhugaðri sameiningu lögregluliðanna á Vestfjörðum og Vesturlandi. Telur félagið slíka sameiningu ekki til þess fallna að efla og styrkja lögregluna, sér í lagi þegar horft er til landfræðilegra sjónarmiða. „Fundurinn skorar á stjórnvöld að efla og styrkja lögregluna í landinu með auknum fjárheimildum og fjölgun lögreglumanna," segir í ályktuninni. *– kte@bb.is*

„Sjúkrahúsþjónustan verður varin"

Fjárveitingar til Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði í fjárlögum næsta árs verða endurskoðaðar, sagði Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra á opnum fundi Samfylkingarinnar á Ísafirði í síðustu viku. Yfir eitt hundrað manns sóttu fundinn þar sem Guðbjartur og Ólína Þorvarðardóttir þingmaður Samfylkingarinnar fluttu ávörp og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna. Málefni Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða ofarlega á baugi á fundinum og margir af starfsmönnum sjúkrahússins viðstaddir.

Ólína Þorvarðardóttir ítrekaði þá afstöðu sína að ekki kæmi til greina að samþykkja að sjúkrahúsþjónusta svo sem fæðingarhjálp og skurðstofu yrði lokað á spítalanum. Ólína sagði það skoðun sína að ráðuneytið hefði gert mikil mistök í fjárlagatillögum sínum og þau mistök yrði að leiðrétta.

Heilbrigðisráðherra sagði að verið væri að vinna að endurskoðun fjárlagatillagna og að fyrir aðra umræðu fjárlaganna kæmu fram nýjar tillögur um niðurskurð og sparnað. Hann sagði ljóst að sjúkrahúsið á Ísafirði væri í sérstakri stöðu vegna staðhátta og það yrði tekið tillit til þess í endurskoðun fjárlaganna. Vinnuhópur frá ráðuneytinu fundaði með starfsfólki Heilbrigðisstofnunar. Guðbjartur lýsti því yfir að sjúkrahúsþjónustan á Ísafirði yrði varin, en taldi ekki ábyrgt að lofa neinum tölum eða upphæðum í því sambandi.

– thelma@bb.is

VERK VEST

Skrifstofustjóri óskast

Skrifstofa stéttarfélaganna á Ísafirði óskar eftir að ráða skrifstofustjóra. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Skrifstofustjóri sér um daglegan rekstur skrifstofu, launaútreikning og önnur tilfallandi störf ásamt aðstoð við félagsmenn Verk Vest og Félags járniðnaðarmanna á Ísafirði.

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi góða bókhaldsþekkingu, þá er tölvukunnátta og lipurð í mannlegum samskiptum nauðsynleg. Þekking af málefnum vinnumarkaðarins æskileg, góð reynsla af almennum skrifstofustörfum nauðsynleg. Önnur menntun eða hæfni á sviði vinnumarkaðsmála sem gætu nýst í starfinu verða talin til tekna við mat á umsækjendum.

Nánari upplýsingar um starfið og launakjör gefur Finnbogi Sveinbjörnsson, á netfangið finnbogi@verkvest.is eða í síma 8626046. Öllum umsóknum verður svarað en áskiljum okkur þann rétt að hafna öllum ef enginn umsækjandi telst hæfur í starfið.

Umsóknarfrestur er til 10.nóvember næst komandi og þurfa umsóknir um starfið að hafa borist fyir þann tíma á ofnagreint netfang eða á Skrifstofu verkalýðsfélaganna, Pólgata 2, 400 Ísafjörður.

Minningarmótið þótti afar vel heppnað. Ljósmyndir: © Ágúst G. Atlason.

Héldu minningarmót um Sverri Karl

Á fimmta tug manna sóttu minningarmót sem haldið var um Sverri Karl Stefánsson sem féll frá langt fyrir aldur fram árið 1996. Mótið fór fram í Arnardal á laugardag og voru þar saman komnir félagar hans og fjölskyldumeðlimir. Margir komu langt að til að sækja mótið og höfðu sumir ekki sést í árafjöld. Veislustjóri var Kristján Freyr Halldórsson en Halldór Eraclides sá um að matreiða kræsingar úr sjávarfangi auk þess sem boðið var upp á gúllassúpu.

Ýmiskonar skemmtiatriði voru í boði svo sem æsispennandi spurningakeppni og stutt fræðslunámskeið um hvernig karlmenn eigi að haga sér á stefnumóti. Þá tóku Benedikt Sigurðsson og Jón Hallfreð Engilbertsson lagið og hápunktur kvöldsins var tvímælalaust er Ísafjarðarhljómsveitin goðsagnakennda Urmull steig á stokk og tryllti lýðinn með gömlum slögurum. – thelma@bb.is

Stefán Dan Óskarsson, faðir Sverris Karls, hélt ræðu og las upp gömul skilaboð frá skólafélögum Sverris í Reykholti.

Rokkararnir í Urmul sýndu að þeir höfðu engu gleymt.

Boðið var upp á kræsingar að hætti Halldórs Eraclides.

Þrjár góðar uppskriftir

Sælkeri vikunnar er Kristín Pétursdóttir á Flateyri.

Sælkerinn

Sælkeri vikunnar býður upp á þrjár ólíkar uppskriftir. Fyrst er það saltfisksalat með kartöflum og ólífum sem svíkur engan sannan saltfiskunnanda. Síðan er það mexíkósk súpa sem yljar vel nú þegar Vetur konungur hefur gengið í garð. Og loks er það gamaldags kanilterta með súkkulaði.

Saltfisksalat með kartöflum og ólífum

500 g saltfiskur
500 g kartöflur
4 stórir tómatar
1 stór rauðlaukur
1 græn paprika
1 gul paprika
1 dl ólífuolía
1 ½ msk vínedik (balsamic)
1,5 msk nýmalaður pipar
½ steinseljubúnt
100 g grænar ólífur

Útvatnið salfisk í sólarhring eða notið tilbúinn útvatnaðan saltfisk. Hleypið upp suðu á saltfiskinum í ósöltuðu vatni. Slökkvið á hitanum og látið fiskinn standa í vatninu í 10 mín. Sjóðið kartöflurnar, kælið, afhýðið og skerið í sneiðar. Skerið tómata, papriku og rauðlauk í sneiðar. Raðið kartöflusneiðunum í eldfastmót, þar ofan á saltfiski, tómötum,lauk og paprikum. Þeytið saman ólífuolíu og vínedik og kryddið með pipar. Þessu er síðan dreypt yfir réttinn. Saxið steinselju smátt yfir og raðið ólífum ofan á. Þetta er svo borið fram kalt með góðu brauði.

Mexíkósk súpa

2 laukar, smátt skornir
4 hvítlausrif, smátt skorin
2 dósir af niðursoðnum tómötum (ég mauka þá)
1 ten. kjúklingakraftur
1 ten. nautakraftur
1 líter vatn
1 líter tómatsafi
1 msk koríander,ferskt
1 tsk chilli duft
1 tsk cayenna pipar (aðeins meira ef það er kalt úti)
4-6 kjúklingabringur

Skerið niður bringurnar og steikið á pönnu, látið til hliðar. Laukurinn og hvítlaukurinn steiktur á pönnu í olíu. Síðan er öllu blandað saman í pott, fyrir utan kjúklinginn og kóríander. Látið malla í 1-1½ klst. Kjúklingurinn settur út í síðustu 15 mín og kóríander látið út í rétt áður en súpan er borin fram. Súpan er borin fram með Dorritos, sýrðum rjóma og rifnum mozzarellaosti.

Gamaldags kanilterta

175 g smjörlíki
175 g sykur
175 hveiti
1 egg
¾ tsk kanill
smá lyftiduft

Þetta er allt hrært saman og smurt í fjögur form með lausum botn. Bakað í ca. fimm mín við 175°c, best er að taka botnana strax úr forminu. Síðan er þeyttur rjómi og settur á milli (best að láta standa yfir nótt). Áður en kakan er borin fram er brædd 100 g af suðusúkkulaði og sett yfir.

Ég skora á Pálfríði Vilhjálmsdóttir á Flateyri að koma með uppskrift í næsta blað.

Eldri borgarar vígja nýtt húsnæði

Fjöldi manns sótti vígsluhátíð á nýju húsnæði Félags eldri borgara í Ísafjarðarbæ sem tekið var í notkun á sunnudag. Húsnæðið er í kjallara vesturenda Hlífar II og fékk félagið húsnæðið afhent frá bæjarfélaginu síðastliðinn vetur. Undanfarna mánuði hafa félagsmenn unnið að því að koma húsnæðinu í stand, málað það og safnað innanstokksmunum og fleiru.

Húsnæðið er ætlað sem félagsheimili eldri borgara á Ísafirði, Suðureyri, Þingeyri og Súðavík. Félagið, sem telur um 300 meðlimi, stendur fyrir ýmsum uppákomum, tómstunda- og íþróttaiðkun. Þar má nefna bingó, spilavist, dans og leikfimi. Starfsemi félagsins er vel sótt en hefur fram til þessa farið fram á fimm mismunandi stöðum í Ísafjarðarbæ. Meðfylgjandi myndir voru teknar á vígsluhátíðinni.

– thelma@bb.is

Tilboð!

Kauptu tvö blekhylki og fáðu **frían Pennapappír!**

Eitt búnt af Fjölnotapappír frá Pennanum fylgir ef keypt eru tvö blekhylki af hvaða gerð sem er.

Hafðu samband við fyrirtækjaþjónustu Pennans í síma 456-3123 eða komdu við í verslun okkar Hafnarstræti 2, Ísafirði.

PENNINN

Með þér í vinnunni

www.penninn.is | pontun@penninn.is